

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Colas Ísland hf. Amomatic Færarleg malbikunarstöð



Dags eftirlits	5.4.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Colas Ísland hf. Amomatic	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Gullhella 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4201871499	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Harpa Þrastardóttir	ÍSAT nr.	23.99.0
Fulltrúi fyrirtækis	Steindór Sigursteinsson	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik frá kröfum í eftirliti fundust við eftirlit. Stöðuleyfi eða skriflegt samþykki landeigenda og sveitarfélags hefur ekki borist stofnuninni (gr. 1.2 og 3.11) Ársyfirlit með samantekt á skráningum og mælingum áranna 2020 og 2021 hafa ekki borist stofnuninni (gr. 4.5).

Umhverfisstofnun fór fram á hávaðamælingar í samræmi við reglugerð nr. 724/2008 um hávaða eftir að stöðin var flutt að Ægisnesi 2. Fulltrúi rekstraraðila tók að sér að uppfæra þær skriflegu áætlanir sem liggja skulu fyrir í stöðinni. Með starfsleyfi sem tók gildi 10. desember 2020 breyttust kröfur til þess hvaða áætlanir skuli liggja fyrir.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Viðstaddir eftirlitið voru Harpa Þrastardóttir, Steindór Sigursteinsson frá Colas Ísland hf., Alfreð Shiöth frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun. Farið var í reglubundið eftirlit með færarlegri malbikunarstöð Colas Ísland hf. - Amomatic. Stöðin er nú staðsett að Ægisnesi 2 á Akureyri og starfsleyfið er frá 10. desember 2020. Rekstraraðili er með vottað umhverfisstjórnkerfi og úttektir vottunaraðila framkvæmdar í samræmi við það. Umhverfisstefna rekstraraðila er birt á heimasíðu fyrirtækisins.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins og hreinsikerfa stöðvarinnar í útblæstri.
  2. Olíumannvirki. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
  3. Farið yfir kröfur sem gerðar eru til starfseminnar – sjá starfsleyfi frá 10. desember 2020
  4. Tiðni eftirlits og kerfisbundið mat á hættu - áhættumat 2022
  5. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir
1. Amomatic stöðin var á Ketilseyri í Dýrafirði síðast þegar komið var í eftirlit í hana. Hún var færð til Akureyrar og skipti út Ammann2 stöðinni sem fyrir var uppsett að Ægisnesi 2. Ammann2 stöðin var tekin niður og fór í viðhald og endurnýjun. Ekki hafa borist kvartanir vegna Amomatic-stöðvarinnar á Ægisnesi, hvorki vegna hávaða né ryks (útblásturstursmála).
- Í starfsleyfi stöðvarinnar er krafa um að hún hafi stöðuleyfi og skal senda Umhverfisstofnun afrit af stöðuleyfinu (sjá gr. 1.2 og 3.11 í starfsleyfinu). Ef sveitarfélag telur ekki þörf á stöðuleyfi þá skal rekstraraðili senda stofnuninni skriflegt samþykki viðkomandi landeiganda og sveitarfélags fyrir stöðinni (sjá gr. 3.11). Stöðuleyfi eða sambærilegt hefur ekki borist Umhverfisstofnun og telst það frávilk frá kröfum í starfsleyfi.
- Hávaðamælingar hafa ekki borist vegna stöðvarinnar síðan mælingar fóru fram á Ketilseyri, en þá var hávaði yfir mörkum í tveimur mælipunktum á lóðarmörkum. Umhverfisstofnun hefur óskað eftir nýjum mælingum á hávaða við stöðina á Akureyri. Í samræmi við gr. 4.1 í starfsleyfi getur stofnunin krafist úttektar á hávaða ef tilefni gefst til.
- Útblásturstursmælingar voru gerðar í reykháfi stöðvarinnar þann 7. júlí 2021 og reyndust vel undir starfsleyfismörkum og útblásturshraði var ásættanlegur eða 19,47 m/s þar sem hann var mestur. Bent er á að í samræmi við gr. 4.2 í starfsleyfi skal gera mælingar einu sinni á ári vegna starfsleyfismarka.
- Engar kröfur eru gerðar til frárennslis frá stöðinni en fram kom hjá stöðvarstjóra að fyrirhugaðar eru breytingar á lögnum í lóð Norðurbiks þar sem stöðin er staðsett.
2. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila voru þrír olíugeymar við stöðina þegar hún var staðsett á Ketilseyri. Farið var yfir skráningar á olíugeymum í stöðinni og varð að samkomulagi að fulltrúi rekstraraðila muni uppfæra skráningareyðublað fyrir geyma í stöðinni þar sem einhverjum geymum hefur verið skipt út fyrir nýja. Minnt er á að senda stofnuninni uppfærðar upplýsingar.
3. Í nýlegu (breyttu) starfsleyfi stöðvarinnar eru fjórar skriflegar áætlanir skulu liggja fyrir:
  - a. áætlun yfir ráðstafanir sem gera fyrir næsta flutning malbikunarstöðvarinnar
  - b. áætlun sem miðar að því að hefta rykmengun frá starfseminni við óhagstæð veðurskilyrði.
  - c. áætlun um rekstur og vöktun hreinsibúnaðar
  - d. viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar (ef stöðin er staðsett nálægt sjó).
- Í eftirlitini voru áætlanirnar skoðaðar og tók fulltrúi rekstraraðila að sér að uppfæra fyrilliggjandi áætlanir til samræmis

við nýtt og breytt starfsleyfi. Umhverfisstofnun óskar eftir að fá send afriti af uppfærðum áætlunum.

Samkvæmt gr. 4.5 í starfsleyfi skal rekstraraðili taka saman ársyfirlit hvers árs og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Enn hafa ársyfirlit Amomatic-stöðvarinnar vegna ársins 2020 og 2021 ekki borist stofnuninni og er það frávik frá kröfum í starfsleyfi.

Samkvæmt reglugerð nr. 851/2002 er malbikunarstöðvum með færانlega staðsetningu ekki gert að færa Grænt Bókhald.

Vel er gengið um úrgangsefni og þau flokkuð.

Colas Ísland hf. fékk umhverfisstjórnunarkerfi sitt vottað í apríl 2017 og eins er allt malbik fyrirtækisins CE merkt.

4. Umhverfisstofnun ákvarðar tilnir eftirlita hjá rekstraraðilum út frá umhverfisáhættu sem metin er í hverju eftirliti. Farið var yfir áhættumatið fyrir stöðina en hún hefur undanfarið fengið eftirlit annað hvert ár. Þar sem matið byggir á samanburði á malbikunarstöðvum landsins þá liggur tilnir eftirlita hjá Amomatic stöðinni ekki fyrir fyrr en farið hefur verið í öll eftirlit ársins.

5. Fram kom hjá fulltrúum rekstraraðila að rekstur stöðvarinnar hefur gengið vel og engin mengunarslys né óhöpp orðið

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

ákvæðum gr. nr. 1.2 og 3.11 í starfsleyfi

Stöðuleyfi eða skriflegt samþykki landeigenda og sveitarfélags hefur ekki borist stofnuninni (gr. 1.2 og 3.11).

ákvæði í grein 4.5 í starfsleyfi

Ársyfirlit með samantekt á skráningum og mælingum áranna 2020 og 2021 hafa ekki borist stofnuninni

#### ÁBENDINGAR

1. Umhverfisstofnun fór fram á hávaðamælingar í samræmi við reglugerð nr. 724/2008 um hávaða eftir að stöðin var flutt að Ægisnesi 2.

2. Fulltrúi rekstraraðila tók að sér að uppfæra þær skriflegu áætlanir sem liggja skulu fyrir í stöðinni. Með starfsleyfi sem tók gildi 10. desember 2020 breyttust kröfur til þess hvaða áætlanir skuli liggja fyrir.


#### ANNAÐ

Alfreð Shiöth frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra var viðstaddur eftirlitið.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að veikja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 20.06.2022

  
Gottskálk Friðgeirsson